# Húsmæðrablaðið.

I Árgangur. Hrafnagili. Maíblað 1916 Útg: ~~[illegible]~~. Nr. V





Thora Esche. —

Thora Esche er ein hinna göfuglyndu kvenna, er starfað hafa og helgað líf sitt líknarstarfi fyrir vesalings fallnar konur. Birtist hér mynd af henni og heimili því er hún hefur staðið fyrir í 38 ár. Skal ég nokkru nánar minnast á æfistarf hennar.

Ungfrú Esche er fædd 29. maí 1850. Hún var aðeins 16 ára gömul, er hún varð einráðin í því, að verja lífi sínu til þess að hjálpa þeim meðsystrum sínum er enginn mátti vefja né heyra talað um, og vel mátti kalla olnbogabörn mannfélagsins.

En hvernig átti hún að byrja? Almenningur taldi það hina mestu óhæfu, að stúlka af heldri ættum færi að skipta sér af þeim fáráðlingum, sem spillingin hafði ~~her~~tekið og fallnar voru ofaní svörtustu lesti. — En unga stúlkan sagði Guði

frá áformi sínu og bað hann að ryðja brautina, ef hann vildi nota hana, sem verkfæri sitt til þessa starfs.

Áhugi hennar á þessu kærleiksstarfi var vaknaður og sagði hún eitt sinn í fyrirlestri:

„Ég gat ekki gengið framhjá bersýnilega fallinni stúlku og hugsað sem svo: ekki er ég orsökin í því, að hún er nú komin á villubraut, nei, skylda mín var að hjálpa henni, reyna að reisa við viljann og þrekið. Ekki gat ég friðað samvisku mína með því að hugsa: það er ekki til neins fyrir mig að gera mér ómak, hún hittir máské einhverja aðra, sem á hægara með að hjálpa henni, en ég. Ég á það ekki víst, að sú, sem næst mætir henni eigi meiri kærleika. Ef ég geng þegjandi framhjá og stúlkan glatast, ber ég þá enga ábyrgð á því?“

Þvílíkar hugsanir samfara hans leiddu Þóru Esche út á þá braut, sem engin kona á norðurlöndum hafði stigið eins.

Unga stúlkan tíræga tók að sér heimilið, sem stofnað var og reist árið 1877, eftir harða baráttu hinna áhugasömustu presta Kaupm.hafnar. – Það þótti sem sé í byrjun hneyksli næst, að farið væri að skifta sér af þessum götudæsum, sem hvorki þóttu húsum hæfar né kirkjugræfar. Og fara að tala um þetta í kirkjunum, eins og þessir prestar gjörðu þvert ofan í manna álitið og dóminn, kom öllum blóðinu í bál og brand, þó þau ynnu ekki meira en en það, að árið síðar var búið að safna til stórrar byggingar og reisa hana.

Hjúkrunarhælið: „Ebenezer“



Mörgum fanst hin unga stúlka ekki myndi vera vaxin starfi því, að vera húsmóðir þvílíkra kvenna, sem

þar að auki voru flestar aldrei en hún.
En hver sem talaði við hina ungu -
djörfu Þóru Esche, varð þess áskynja
að andi, líf og kraftar voru til staðar,
sem engin ytri höft hömluðu, því
þeir kraftar voru helgaðir af himinsins náð.
Ebeneser heimilið tekur að sér í fyrsta lagi:
stúlkur er for-
eldrum og vanda-
mönnum þykja
ekki nógu
siðlátar, og koma
þangað í því
skyni að læra
að lifa fögru lífi.
Í öðru lagi: stúlkur,
sem vilst hafa
af leið, hrasað,
en eiga sér upp-
reisnar von
undir verndar-
-væng Þóru Esche
í Ebeneser.
Og í þriðja lagi:
stúlkur, sem
lengst eru komnar í siðspillingu og eru alveg
útskúfað úr mannlegu félagi.

Margar þessara kvenna hafa átt fagra
æsku, verið uppáhaldsbörn foreldra sinna,
lifað í vellystingum og auðæfum, en gifst
illa og komist á villubraut gegn um
drykkjuskap og spilafíkn.
Aðrar hafa aldrei átt minna lífsláni að



Daglegastofan í Ebeneser.

fagna, aldrei séð annað en dimma ör-
byrgðina og útúr neyð vilst á glapstigu.
En hvernig sem högum þeirra er háttað, er
þær koma þangað, hefur hið rólega líf,
á afskekktu fögru sveitaheimili þau áhrif,
að flestar verða nýtar og góðar manneskjur,
já, komast í mörgum tilfellum í ábyrgðar-
mikla stöðu,
sem þær veita
forystu með
miklum heiðri.
Ungfrú Esche
er 66 ára í vor
29. maí.
Óska þeir er
henni unna
og starfi hennar
að það fái
enn þá lengi
notið hennar
dýrmætu krafta.
Heilsa hennar
er þó á fallanda
fæti, þar eð hún hefur þurft að leggja
meira á sig en hún hefur þolað, bæði
við næturvökur og annað.
Einkunnarorð hennar eru þessi, í Efesus-
bréfinu: „Vér erum Guðs smíð, skapaðir fyrir
samfélagið við Krist Jesúm til góðra verka,
sem Guð hefur sjálfur fyrirbúið, til þess, að
vér skyldum leggja stund á þau!"

# Barnasögur og draumar

Það var einusinni móðir, elskurík góð móðir, hún leiddi börnin sín ætíð um veg ljóssins, vildi benda þeim heim til himneska föðursins. Nú vildi ég geta sagt ykkur nokkrar sögur hennar, eftir minni. Hve gjarnan vildi ég safna ykkur saman kring um mig og segja ykkur eitthvað það, sem ykkur þætti skemtilegt og fallegt. En nú eru þið, elsku börn, mér fjarri; en ég vil senda svolitla bréfdúfu einstökusinnum, með línur til ykkar. Biðjið þá mömmu að lesa fyrir ykkur sögurnar ykkar og takið þá um leið á móti hjartans óskum mínum ykkur til handa: Að þið verðið stór og dugleg, en sérstaklega að þið fetið jafnan veg ljóssins til lífsins — því þá líður ykkur í öllum kjörum svo undur vel. — — —

Nú ætla ég að segja ykkur eina sögu, hún er rétt til gamans, hún hefur aldrei komið fyrir, en er aðeins tilbúningur:

Það voru einusinni þrjár litlar systur. Þær voru góð börn, og voru því oft kallaðar fallegum nöfnum, til dæmis: Sólarbirta, Söngdís og Stjörnuljós, en þessi nöfn koma lítið sögunni við.

Einn morgun mjög snemma, kemur mamma þeirra inn til þeirra þar sem þær sváfu og segir þeim að sólin ætli að fara að koma upp, en það hafði lengi verið löngun þeirra að sjá sólina í hásumardýrðinni koma upp yfir fjöllin og gylla láð og lög. Þær spruttu allar upp og voru fljótt komnar á fætur, fóru síðan uppí hlíð með mömmu og sáu geislana titra á fjallsbrúninni, og koma svo fram í dýrð er mætti sínum. Þá sungu þær allar: Dagur er, dýrð ber, drottinn Guð minn. Eftir það fóru þær allar inn, háttuðu aftur og sofnuðu; en þá dreymdi þær allar litlu stúlkurnar.

Sólarbirtu fanst hún koma útí dyr og var hún komin í hvítann skrúða. Sér hún þá sólina vera að koma upp, rétt skamt frá sér, gyllir alt, hátt og lágt og líka hvíta kjólinn. Henni finst sólin vera alveg að koma til sín, og hún breiðir út faðminn á móti henni og ætlar að grípa hana — en þá vaknar hún, sólin hafði þá skinið inn um gluggann og framaní hana og greip hún þá bara í geislann með litlu hendinni sinni, í því hún vaknaði!

Söngdísina dreymdi að hún var komin með hörpu í hönd og spilaði um sólarupprás í dýrðlegri birtu og sveif svo á vængjum tóna og geisla hátt upp yfir fjöllin — þá varð henni litið niður og svimaði, varð hrædd og greip í hörpuna — en vaknaði þá við það að hún tók heljartaki um rúmbríkina! —

Stjörnuljósið dreymdi sig vera komna niður að fögru vatni sem alt var uppljómað af morgunroða — þó spegluðust þar skærar stjörnur. Alt í einu fanst henni stjörnurnar vera gullsteinar og fer að stikla á steinunum yfir vatnið, en þegar hún kemur útá vatnið verður hún hrædd, því henni fanst hún myndi sökkva, hún ætlar að hlaupa í land, en dettur — — og liggur á gólfinu þegar hún vaknar — Stjörnuljósið hafði þá hrapað útúr rúminu!!